

Nd.

733. Tillaga

til þingsályktunar um stækkun á landhelgissvæðinu.

Frá sjávarútvegssamvinnunefnd.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að gera tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislinuna breytt þannig, að hún verði yfirleitt færð út og landhelgissvæðið stækkað, en sjerstaklega þó að landhelgissvæðið taki yfir alla flóa og firði og helstu bátamið.

ASTÆÐUR.

Hvaðanæva af landinu hafa borist og berast á hverri vertið kvartanir um veiðispijöll og veiðarfæra, sem landsmenn verða fyrir af völdum útlendinga, bæði á landhelgissvæðinu og utan þess. Fyrir því þykir sjávarútvegsnefnd hlýða að bera fram tillögu þessa.

Útfærsla landhelgissvæðisins mundi veita landsmönnum rýmra friðað svæði fyrir veiðarfæri sín, því að tíðast eru bröt á landhelgislöggjöf framin yst í landhelginni og nærri landhelgislinunni, en landhelgisvörnin mundi þá einnig auðveldari, er flóar og firðir hefðu eigi óhelguð bellti miðlínis milli andnesja.

Mesta áherslu verður að leggja á friðun fjarða og flóa, þar sem grunnmiðaveiði er stunduð og botngróðurinn með dýralífi því, sem honum fylgir, hænir fiskinn að á vertíðinni; þær stöðvar liggja víða rjett utan við núverandi landhelgislinu, eins og t. d. í innri hluta Faxaflóa. Slík fiskimið hafa frá ómunatið verið eins og forðabúr landsbúa, sem veittu björg þegar annað brást. Uppræting þeirra af útlendum veiðimönnum er landinu ómetanlegt tjón, sem sjálfsagt er að varna, ef kostur er á.